



Lúxemborg, 10. desember 2010

FRÉTTATILKYNNING 5/2010

Dómur í máli E-2/10 Þór Kolbeinsson gegn Íslenska ríkinu

SKAÐABÓTAÁBYRGÐ VEGNA TJÓNS STARFSMANNNS SEM LENDIR Í VINNUSLYSI

Með dómi sem kveðinn var upp í dag veitti EFTA-dómstóllinn ráðgefandi álit um spurningar frá Héraðsdómi Reykjavíkur vegna túlkunar tveggja tilskipana um öryggi og heilsu á vinnustöðum. Um er að ræða tilskipun ráðsins nr. 89/391/EBE, um lögleiðingu ráðstafana er stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna á vinnustöðum, og tilskipun ráðsins nr. 92/57/EBE, um framkvæmd lágmarkskrafna um öryggi og hollustuhætti á bráðabirgða- eða færanlegum byggingarsvæðum.

Stefnandi málsins fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur er íslenskur smiður sem slasaðist við vinnu á byggingarsvæði, þegar hann féll í gegnum gipsplötur af gólfbitum millilofts sem sett hafði verið upp til bráðabirgða og lenti á steingólfi fimm metrum neðar. Hann hlaut af bæði tímabundið og varanlegt líkamstjón og stefndi í kjölfarið vinnuveitanda sínum til greiðslu skaðabóta. Skaðabótakröfu stefnanda á hendur vinnuveitandanum var hins vegar hafnað með dómi Hæstaréttar 20. desember 2005. Fyrir lá að vinnuveitandinn hafði ekki fylgt reglum um öryggi á vinnustað en Hæstiréttur taldi að stefnandi yrði vegna eigin sakar að bera tjón sitt sjálfur þar sem hann hefði ekki gert viðeigandi varúðarráðstafanir til að varna slysinu.

Í máli því sem nú er rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur krefur stefnandi íslenska ríkið bóta fyrir það tjón sem hann telur sig hafa beðið vegna þess að Hæstaréttur hafnaði kröfu hans um skaðabætur í dóminum 20. desember 2005. Að mati stefnanda er niðurstaða dómsins afleiðing þess að íslenska ríkið vanrækti skyldur sínar samkvæmt EES-samningnum um að innleiða framangreindar tilskipanir í íslenskan rétt.

EFTA-dómstóllinn taldi það ekki samræmast umræddum tilskipununum að gera starfsmann ábyrgan fyrir öllu eða meginhluta tjóns sem hann hefur beðið vegna vinnuslyss á grundvelli skaðabótareglna landsréttar um eigin sök, þegar fyrir liggur að vinnuveitandi hefur ekki að eigin frumkvæði farið að reglum um öryggi og heilsu á vinnustað. Frá þessu geti þó verið ákveðnar undantekningar, t.d. þegar starfsmaður hefur valdið slysi af ásetningi eða stórfelldu gáleysi. EFTA-dómstóllinn taldi þó að jafnvel í slíkum tilvikum myndi alger höfnun skaðabóta vera úr hófi íþyngjandi og ekki í samræmi við tilskipanirnar, nema svo sérstaklega hátti til að starfsmaður hafi átt talsvert meiri sök á slysinu en vinnuveitandi.

EFTA-dómstóllinn taldi einnig að EES-ríki geti borið skaðabótaábyrgð vegna brota á þeirri reglu um eigin sök sem fælist í tilskipununum. Sú bótaskylda sé þó háð því að brotið teljist nægilega

alvarlegt. Í samræmi við viðurkennda dómaframkvæmd um skaðabótaábyrgð ríkja vegna brota á EES-reglum, væri það í verkahring Héraðsdóms Reykjavíkur að skera úr um hvort þessu skilyrði sé fullnægt í því máli sem hann hefur til umfjöllunar.

Dóminn í heild sinni er að finna á vefslóð EFTA-dómstólsins: www.eftacourt.int

Fréttatilkynning þessi er ekki opinbert skjal. Dómurinn sjálfur gildir.